



Ég mótmæli í mínu nafni kjaraskerðingum aldraðra

Vegna greinar í Fréttablaðinu 7. 9. 2009.

Sérlega er þarft í núinu, þegar allt er komið á hausinn, gjaldþrota af völdum stórsnillinga í stjórnvaldi íslenskrar þjóðar á síðasta áratug að hafa í frammi aga og umvöndun við gamalmenni þjóðarinnar. „Ekki í mínu nafni“ segir eftirlauna maður sem ekki hefur náð lífeyrisaldri, að nafni Þorkell Helgason um skrif allmargra eldri borgara um eignarnám núverandi ríkisstjórnar með skerðingu tryggingarbóta og ofurskattlagningu.

Aldraðir eiga ekki að vera með neitt væl segir Þorkell, þið eigið að þakka fyrir og þegja. Það geri ég, og minn sannleikur er sannari en sannleikur „allskyns talsmanna“ aldraðra og þar að auki á ekki að nota orð við smíði bórnarbréfa sem særa síðaða fulltrúa stjórnvaldsins segir Þorkell.

Vel má svo vera, en þá fyrst þegar Þorkell hefur náð lífeyrisaldri og þroska, og reynir á eigin skinni meðhöndlun stjórnvaldsins og „sannleika“ sem flestir „eldri borgarar“ hafa upplifað og mótmæla harðlega, verður sérgreind Þorkels án efa að miklu gagni fyrir síðvæðingu eldri borgara í baráttuham.

Innlögn Þorkels í þessa umræðu er gáskafull, stórskemmtileg og um leið mjög gagnleg fyrir framhaldsumræðu um þessi mál, og það gerir ekkert til þótt hún sé í föðurlegum umvöndunartón þess sem einhvertíma hefur haft allmikið undir sér og búi yfir, að eigin mati dýpri fórnarlund og réttlætiskennnd en við hin mörgu sem gagnrýnd hafa núverandi stjórnvöld.

Aðalatriðið er að með henni fæst örlítill innsýn inn í hugsanagang í stjórnarráði íslensku þjóðarinnar, sem hefur verið krónískur frá upphafi nútíma sköpunarsögu þess. Hugsanagangur sem er jarðbundinn við „kapítalisma andskotans“ þar sem sérvaldir ein-

staklingar og hópar fá fjárhagslega sérmeðferð og vernd m.a. kostnað almennings og þá þess

eftirlaunahóps sem nú lifir. Að mínu mati virðist hugsun Þorkels vera, að í stakasta lagi sé að stjórn málaflökvar svíki öll sín fyrirheit ef þau hindra hefðbundin vinnubrögð Arnarhvals mafíunnar.

Engin okkar sem erum á áttæðisaldri eða eldri hefur náð þeim aldri óbarin(n) af hagsmunagæslu niðurgreiðslna, gengisfellinga og ótal annarra hliðrunarlausna.

Í minni gagnrýni á velferðarvakt núverandi ríkisstjórnar hef ég einkum dvalið við það óréttlæti sem fellst í því að misnota Tryggingarkerfi sem við höfum greitt iðgjald til með iðgjaldi og síðar í okkar skatti.

Við höfum lifað við sérsniðnar tilhliðranir fyrir einstakar atvinnustéttir sem sérlega er auðvelt að greina í sögu Almenna tryggingarkerfisins. Tryggingargjaldið var fellt inni og falið í skattkerfinu til að hlífa skattleysisstéttum við nefsgjaldsforminu sem upphaflegu var iðgjaldsform tryggingarkerfisins. Þar með var þetta kerfi eyðilaggt sem tryggingarkerfi og gert að ölmusu kerfi fyrir fingralanga stjórnvalds hugsuði eins og raun ber vitni. Við Þorkell og aðra sömu skoðunar seigi ég þetta; ekkert ólokið verk sem vinna þarf, lætur okkur eldri borgara sitja friðar stól, jafnvel nú á ævikvöldi.

Í heilstæðri löggjöf um málefni aldraðra nr. 125/1999 segir um tilgang lagana; Lögin fela í sér þau markmið að gera öldruðum fært að lifa eðlilegu heimilislífi eins lengi og kostur er og að öldruðum sé tryggð þjónusta þegar hennar er þörf og í samræmi við þarfir hvers og eins. Ásamt því er lögð áhersla á að aldraðir

njóti jafnréttis og að sjálfstæði þeirra sé virt.

Er jafnrétti að innheimta með frekju og dónaskap bætur sem látin maki hefur fengið frá tryggingarkerfinu á síðasta æviskeiði. Makinn var svo sannarlega tryggður sem einstaklingur? Eða var það ekki? Ekki fellur þetta undir virðingu á sjálfstæði aldraðra.

Hafa reglugerðarsmiðir lagagrunn til að skilgreina verðbætur á inneign í banka arð?


Dæmi; ein miljón á verbættum innlánsreikningi 2008 með 4 % vöxtum og 16 % verðbótum er vegna skattalaga skattlagt sem 200 þkr tekjur af því að verðbætur urðu frádráttarbærar að ráði Arnarhvals snillinganna á sínum tíma. En er það réttlætjanlegt að nota verðbætur sem arðgreiðslu til skerðingar á tryggingarbótum? Er 67% heildaskattlagning tekna réttlætjanleg?

Ríkistjórn er bæði mátturinn og náðin ef vel er spilum haldið í þeirra húsum. Annars má búast við að fjölmennt verði við Arnarhval hús á komandi mánuðum af fokreiðum, arðrændum en þjóðræknum eldri borgurum. En ekki bara það, því ég er dauðhræddur um að aldraðir fjarlægji í stórum stíl innistæður sínar í bankakerfinu svo fingralangt stjórnvald sem ekki er háð bankaleynd nái ekki til þess. Hver króna í reiknuðum arði og verðbótum sker bætur niður um krónu og eykur vistunarkostnað á dvalar og sjúkraheimilum um krónu.

Mig grunar að bankaflóttinn sé þegar hafinn.

Svona er þetta bara manni minn!. Maður býður ekki endalaust upp á hinn vangann.

*Erling Garðar Jónasson,
formaður Samtaka aldraðra*





Íbúðir til sölu

Aflagrandi 40

2ja herbergja íbúð á 3 hæð 69,1 m² að stærð. Merkt 303
3ja herbergja íbúð á 4 hæð 80,1 m² að stærð. Merkt 406

Bólstaðarhlíð 45

2ja herbergja íbúð á 4 hæð 61,0 m² að stærð. Merkt 401
3ja herbergja íbúð á 4 hæð 77,4 m² að stærð. Merkt 404

Dalbraut 20

2ja herbergja íbúð á 1 hæð 52,0 m² að stærð. Merkt 102
2ja herbergja íbúð á 1 hæð 52,2 m² að stærð. Merkt 105
2ja herbergja íbúð á 3 hæð 64,5 m² að stærð. Merkt 304

Bólstaðarhlíð 41

2ja herbergja íbúð á 6. hæð, merkt 06-05 er til sölu.
Íbúðin er 61 m². Sérgeymsla 4,2 m² er innan íbúðar.

Bólstaðarhlíð 45

2ja herbergja íbúð á 5. hæð, merkt 05-03 er til sölu.
Íbúðin er 42,9 m².

Dalbraut 16

3ja herbergja íbúð á 1. hæð, merkt 01-02 er til sölu.
Íbúðin er 82,6 m².

Nánari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu samtakanna í síma 552 6410 og á heimasíðu samtakanna aldradir.is.

Samtök aldraðra eiga alltaf forkaupsrétt.

Íbúðir sem seljast á vegum Samtaka aldraðra má ekki selja hærra verði en framreiknaður byggingarkostnaður segir til um miðað við byggingarvísitölu.

Á kaupverðið leggst 1% sem rennur til Samtaka aldraðra í samræmi við lög félagsins.

Í 12. gr. segir:

Sá sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins má ekki selja hana nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins. Þá getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt íbúð um stundarsakir ef sérstaklega stendur á. Söluverð íbúðar má aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar að viðbætti verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyringu samkvæmt mati dómskvaddra manna, hversu oft sem íbúðarskipti kunna að verða.

Skrifstofa samtakana aldraðra vill benda félagsmönnum á að óseldar eru endursöluíbúðir sem áður hafa verið auglýstar. Sjá heimasíðu aldradir.is



Nú er hafin bygging húsanna nr. 29 og 31.

Í húsunum verða 58 sérhannaðar íbúðir fyrir eldri borgara, tveggja og þriggja herbergja 93-108 fermetra með rúmgóðu stæði í velbúinni bílgeymslu, samkomusal, og víðum og góðum glerjuðum svalagöngum. Þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar verður á næstu lóð í samvinnu við DAS með mótuneyti, hjúkrunar og heimilisþjónustu. Ferilleiðir innan og utan húss og íbúðir, eru hannaðar með hliðsjón af þörfum fatlaðra.

Nokkrar íbúðir eru lausar.

Nánari upplýsingar á skrifstofu Samtaka aldraðra Síðumúla 29, sími 5526410 og á heimasíðu samtakanna www.aldradir.is.